# Námsgrein: Samfélagsgreinar Bekkur: 8

Tímafjöldi á viku: 1 x 60 mín og 1 x 50 mín.

## *Kennsluaðferðir og skipulag*

Að mestu verður notast við efni á netinu og efni búið til af kennara. Einnig verður notast við námsbókina Um víða veröld, heimsálfur. Kennsluaðferðir verða fjölbreyttar til að auka gæði námsins og til að nemendur kynnist og nái tökum á fjölbreyttum leiðum til náms. Fjölbreyttar kennsluaðferðir eru mikilvægar vegna þess að nemendum henta ólíkar leiðir við nám, mikilvægt er að koma til móts við ólíkan námstíl nemenda. Á sama hátt er mikilvægt að nemendur kynnist og nái tökum á mismunandi aðferðum til að geta valið á milli þeirra og beitt þeim. Í þessum áfanga verða útlistunarkennsla, spegluð kennsla, þjálfunaræfingar, umræðu- og spurnaraðferðir, leitaraðferð og hópvinnubrögð.

## *Grunnþættir menntunar*

| Grunnþáttur | Áhersluþættir grunnþátta menntunar |
|---|---|
| Læsi | Nemandi:<br>- Lærir að greina aðalatriði frá aukaatriðum.<br>- Tjáir sig um verkefni sín og notar hugtök sem tengjast viðfangsefninu,<br>- Nýtir tækni sem hentar til verkefnavinnu,<br>- Nýtir gagnvirkt námsefni. |
| Sjálfbærni | Nemandi:<br>- Lærir um samspil umhverfis, efnahags, samfélags og velferðar.<br>- Þekkir Mannréttindasáttmála SÞ. |
| Heilbrigði og velferð | Nemandi:<br>- Sýnir frumkvæði, vinnur sjálfstætt og í hóp, tekur þátt í samvinnuverkefnum,<br>- Fær tækifæri til að vinna út frá áhuga og styrkleikum.<br>- Beitir grunnfærni og undirstöðuatriðum í vinnubrögðum. |
| Jafnrétti | Nemandi:<br>- Fer eftir reglum og vinnur með jafnrétti að leiðarljósi.<br>- Temur sér gagnrýna hugsun og skoðun.<br>- Fræðist um mismunun og forréttindi fólks í víðum skilningi.<br>- Tekur tillit til skoðana annarra.<br>- Metur og bregst við ólíkum skoðunum á fordómalausan hátt. |
| Sköpun | Nemandi:<br>- Nýtir tæknina á skapandi hátt.<br>- Virkjar hugmyndaflugið til að vinna að og finna lausnir á verkefnum.<br>- Nýtir hæfileika sína og skapar afurð. |

| Viðfangsefni | Námsefni | Hæfniviðmið/ markmið | Mat |
|---|---|---|---|
| . Landafræði | Um víða veröld, heimsálfur.<br>Efni á netinu.<br>Efni útbúið af kennara. | - Fjallað á upplýstan hátt um einkenni og stöðu Íslands í heiminum í ljósi legu og sögu landsins og breytilegrar menningar, | - Verkefnabók á Microsoft OneNote.<br>- Hópverkefni. |

| | | | |
|---|---|---|---|
| | | trúar, lífsviðhorfa og stjórnarfar.<br>- Greint og fjallað um upplýsingar á kortum og gröfum og annars konar myndum.<br>- Komið þekkingu sinni og viðhorfum á framfæri með fjölbreyttum og markvissum hætti, einn sér og í samstarfi við aðra.<br>- Sýnt sjálfsaga, sjálfstraust og virðingu í margvíslegum samskiptum og samstarfi við ólíka einstaklinga.<br>- Rökrætt gildi jafnréttis og mannréttinda á öllum sviðum samfélagsins og þekki almenn ákvæði um mannréttindi.<br>- Rökrætt mikilvæg hugtök, sem notuð eru um menningar- og samfélagsmálefni.<br>- Aflað sér, hagnýtt, ígrundað og metið upplýsingar um menningar- og samfélagsmálefni, sem birtast í munnlegum flutningi, samræðum, texta og myndrænum búningi. | - Umræður og þátttaka í kennslustundum. |
| Saga | Efni á netinu.<br>Efni útbúið af kennara. | - Útskýrt með dæmum hvernig sagan birtist í textum og munum, hefðum og minningum.<br>- Gert sér grein fyrir hlutverki heimilda, sjónarhorna og gildismats í sögu og sameiginlegum minningum.<br>- Sýnt fram á þekkingu og gagnrýna sýn á tímabil, atburði, persónur, menningartengsl og | - Verkefnabók á Microsoft OneNote.<br>- Valverkefni um söguatburð.<br>- Umræður og þátttaka í kennslustundum. |

| | | | |
|---|---|---|---|
| | | þróunarferla á ýmsum tímum, sem vísað er til í þjóðfélagsumræðu. | |
| Lífsleikni | Efni á netinu.<br>Efni útbúið af kennara. | - Komið þekkingu sinni og viðhorfum á framfæri með fjölbreyttum og markvissum hætti, einn sér og í samstarfi við aðra.<br>- Sýnt sjálfsaga, sjálfstraust og virðingu í margvíslegum samskiptum og samstarfi við ólíka einstaklinga. | Umræður og þátttaka í kennslustundum |